

Desember 2022


Ábyrg spilun

Áherslur og verkefni



HAPPDRAETTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Vænlegast til vinnings





Ávarp forstjóra

Happdrætti Háskóla Íslands (HHÍ) hefur verið starfrækt í tæplega 90 ár og um starfsemina gilda lög nr. 13/1973 um Happdrætti Háskóla Íslands. Skal ágóðanum varið til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands (HÍ) og til að viðhalda þeim. Auk þess er heimilt að verja ágóðanum til að koma á fót og eflarannsóknarstofur hjá HÍ og greiða fyrir nauðsynleg rannsóknar- og kennslutæki. HHÍ hefur leyfi til að reka þrens konar happdrætti: 1) flokkahappdrætti, 2) skyndihappdrætti (Happaþrennan) og 3) skjávélahappdrætti (Gullnáman). Til samræmis við lögbundið hlutverk HHÍ hefur meginmarkmið þess verið skilgreint þannig:

„HHÍ veitir viðskiptavinum sínum spennandi upplifun og afþreyingu sem felur í sér von um fjárhagslegan vinning. HHÍ gerir það með ábyrgum og arðsömum hætti í sáttviðsamfélagi þeim tilgangi að styðja við uppbyggingu Háskóla Íslands (HÍ)“

Hið lögbundna hlutverk Happdrættis Háskóla Íslands leggur félaginu ríkar skyldur á herðar og hefur HHÍ ætíð lagt mikla áherslu á trúverðugleika og rekið starfsemi sína með ábyrgum hætti og með sjálfbærni að leiðarljósi. Afrakstur starfseminnar verður að vega salt við kostnað samfélagsins, sem í sumum tilfellum getur falist í óhóflegri spilun og spilafíkn.

Hugtakið „ábyrg spilun“ hefur verið notað til að lýsa spilahegðun þar sem spilar er meðvitaður um þátttöku sína í spilum og tekur upplýsta ákvörðun um hve miklum tíma og peningum hann ver til spilunar. HHÍ hefur síðastliðinn áratug lagt sitt af mörkum með myndarlegum hætti til að auka megi þekkingu á spilahegðun og spilavanda og verið frumkvöðull á sviði ábyrgrar spilunar. Með aukinni þekkingu hefur áhersla á þennan þátt aukist.

Sú skýrsla sem hér birtist gefur yfirlit yfir helstu verkefni og ráðstafanir HHÍ á sviði ábyrgrar spilunar síðastliðið ár.

Bryndís Hrafnkelsdóttir, forstjóri HHÍ





Inngangur

Þátttaka í happdrættisleikjum er skemmtun sem jafnframt felur í sér von um vinning. Ágóði af starfsemi Happdrættis Háskóla Íslands (HHÍ) fer til ný- og viðhaldsframkvæmda við Háskóla Íslands sem og til kaupa á rannsóknartækjum. Stjórn HHÍ gerir sér þó grein fyrir því að þátttaka í peningaleikjum er ekki áhættulaus. Samfélagsleg ábyrgð og áhersla á ábyrga spilahegðun er því rauður þráður í allri starfsemi Happdrættisins. HHÍ keppir að því að efla meðvitund, skilning og þekkingu á eðli spilavanda og spilafíknar, bæði meðal starfsmanna og í samfélaginu öllu.

Hvað er spilafíkn?

Spilafíkn er stjórnlaus þátttaka í peningaspilum sem hefur alvarlegar afleiðingar. Andleg vanlíðan, þunglyndi, kvíði eða streita eru algengir fylgifiskar spilafíknar.

Ekki er óalgengt að spilafíklar séu einnig háðir áfengi eða öðrum vímuefnum. Spilafíkill er iðulega upptekinn af þrálátum þönkum um peningaspil og hugsar um leiðir til þess að spila áfram, gjarnan í þeim tilgangi að endurheimta glatað fé. Það eykur aðeins fjárhagslegan skaða þannig að við andlega vanlíðan bætast oft miklir fjárhagslegir erfiðleikar og í versta falli gjaldþrot. Skaðlegar afleiðingar spilafíknar eru vel þekktar og bitna ekki aðeins á fíklinum sjálfum heldur líka á fjölskyldu hans og samfélaginu öllu.

Ýmsar skaðlegar afleiðingar spilavanda eru þekktar, svo sem:

- kvíði, þunglyndi, slæmt heilsufar, sjálfsvíg,
- slök frammistaða í starfi, fjarvera frá vinnu, atvinnumissir,
- fjárhagslegir erfiðleikar, skuldasöfnun, eignatap, gjaldþrot,
- fjölskylda vanrækt, skilnaðir, heimilisofbeldi.

Hvað er ábyrgispilun?

Mikilvægt er að þátttakendur í spilum taki meðvitaðar ákvarðanir og spili af ábyrgð. Sá sem spilar af ábyrgð þekkir vinningslíkur leikja sem hann tekur þátt í og er meðvitaður um að til lengri tíma er hann líklegri til að tapa peningum með þátttöku sinni en að hagnast á henni.

Ábyrg spilun lýtur að hegðun og viðhorfi spilara en einnig umgjörð og hönnun leikja. Mikilvægt er að viðskiptavinir þekki áhættuþætti tengda peningaspilum og algengar hugsanavillur og ranghugmyndir þeim tengdum.

Stefna HHÍ gagnvart ábyrgri spilun

HHÍ hefur mótað stefnu gagnvart ábyrgri spilun. Hún er leiðarljós starfsmanna HHÍ í öllum ákvörðunum og verkefnum þeirra:

Happdrætti Háskóla Íslands ætlar sér, hér eftir sem hingað til, að vera leiðandi á íslenskum happdrættismarkaði hvað varðar ráðstafanir, áherslur og verkefni á sviði ábyrgar spilunar. Sjálfbærni verður höfð að leiðarljósi í allri starfsemi fyrirtækisins, þannig að jafnvægi sé á milli ávinnings fyrir Háskóla Íslands og velferðar samfélagsins í heild sinni.

Markmið með stefnunni er að:

- lágmarka hugsanlegan skaða sem hlotist getur af spilun leikja HHÍ, með markvissum ráðstöfunum og aðgerðum,
- fræða starfsfólk HHÍ, viðskiptavini, hagsmunaaðila og samfélagið allt um áhættu tengda spilun happdrættisleikja.

Lykilþættir stefnu HHÍ:

Heiðarleiki og öryggi – Þátttakendur í peningaleikjum verða að gera sér grein fyrir að líkur eru meiri en minni á að þeir tapi peningum á þátttöku sinni. Ef þeir ákveða eftir sem áður að spila, er eðlileg krafa að leikreglur séu skýrar, sanngjarnar og heiðarlegar.

Samfélagið – Jafnvægið milli fjárhagslegs ávinnings fyrir HÍ annars vegar og velferð samfélagsins til lengri tíma hins vegar, er forgangsráði fyrir HHÍ og söluaðila þess. Það næst ekki nema með aðkomu starfsmanna, viðskiptavina, samstarfsaðila og samfélagsins alls. HHÍ hlustar og tekur til greina gagnrýni og umræðu í samfélaginu hverju sinni og hefur í huga hagsmuni þess í heild sinni í stefnumörkun og verkefnavali.

Samskipti við hagsmunaaðila – Fjöldi hagsmuna- og samstarfsaðila kemur að starfsemi HHÍ til stuðnings og þátttöku. Við berum virðingu fyrir og lærum af reynslu þeirra og sjónarmiðum. Við styrkjum tengsl og gagnkvæm tækifæri til þróunar og lærdóms. Sameiginleg úrlausnarefni kalla á sameiginlegar lausnir. Við tökum fagnandi allri endurgjöf og virðum skoðanir hagsmunaaðila okkar.

Ráðstafanir HHÍ gagnvart ábyrgri spilun

Samfélagslegt hlutverk og framlag HHÍ

HHÍ hefur frá stofnun, 1933, fjármagnað nær allar byggingar HÍ. Það þýðir að húsnæði og einnig tæki skólans er ekki keypt fyrir skattfé, heldur að langstærstum hluta fyrir fé frá HHÍ.

Án dyggilegs stuðnings landsmanna við HHÍ má öruggt telja að uppbygging Háskólans hefði ekki verið með þeim hætti sem raun ber vitni. Starfsemi HHÍ hefur því mikla samfélagslega þýðingu og hefur skipt sköpum varðandi uppbyggingu HÍ og þar með íslensks samfélags alls.


Öryggi og eftirlit

HHÍ starfar eftir lögum um happdrætti nr. 13/1973, ásamt breytingu á lögum nr. 126/2015. Starfsemin öll lýtur ströngu eftirliti happdrættisráðs, sem skipað er af innanríkisráðuneyti. Öll kerfi sem notuð eru til útdráttá eru yfirfarin og samþykkt af sérfræðingum ráðuneytisins, en jafnframt eru fulltrúar þess viðstaddir útdrætti flokkahappdrættisins.

HHÍ er mjög annt um öryggi persónuupplýsinga viðskiptavina sinna. Fyllsta öryggis er gætt við meðferð þeirra og til þess að gæta þess að öll starfssemi HHÍ sé sem best úr garði gerð starfar persónuverndarfulltrúi hjá HHÍ.



Happdrættið er ein meginstoðin í uppbyggingu Háskóla Íslands.



FARAFTUR Í VINNINGA
sem gleðja miðaeigendur.

Upplýsingagluggi á vélum Gullnámu

Á öllum spilastöðum liggja frammi upplýsingabæklingar um ábyrga spilun og úrræði fyrir einstaklinga með spilavanda. Það þykir hins vegar nokkuð feimnismál fyrir viðskiptavini að sækja sér slíka bæklinga. Hannaður hefur verið sérstakur upplýsingagluggi á skjáum allra spilavéla Gullnámu sem nýttur er til að kynna helstu upplýsingar og leiðbeiningar sem finna má í fyrrgreindum bæklingum. Þar er einnig að finna nokkurs konar sjálfspróf sem viðskiptavinir geta tekið til að meta eigin spilun. Það er því vandræðalaust og hægur vandi fyrir viðskiptavini að nálgast mikilvægustu upplýsingar um ábyrga spilun. Þessi lausn þykir bylting í heimi skjávéla og hefur vakið athygli út fyrir landsteinana. Líklega er HHÍ með fyrstu fyrirtækjum í heimi til að innleiða slíka lausn fyrir viðskiptavini sína.

Siðareglur í markaðsstarfi

HHÍ hefur innleitt siðareglur sem gilda fyrir hvers kyns markaðsstarf á vegum fyrirtækisins. Siðareglurnar hafa verið kynntar fyrir og samþykktar af samstarfs- og þjónustuaðilum á sviði markaðsmála, svo sem auglýsingastofum og símasöluaðilum. Reglurnar undirstrika samfélagslega ábyrgð HHÍ og setja markaðsstarfi skýr mörk og leiðsögn. Í reglunum er meðal annars kveðið á um að:


- HHÍ muni ekki mismuna neytendum á grundvelli kynferðis, þjóðernis, trúarbragða, né megi auglýsingar særa almenna blygðunarkennd,
- Auglýsingar HHÍ megi ekki gefa villandi upplýsingar um vinningslíkur í leikjum eða að þátttaka í leikjum sé án áhættu eða byggja á öðru en tilviljun,
- HHÍ beini ekki markaðsstarfi sínu að viðkvæmum hópum, til dæmis vegna aldurs, samfélagsstöðu eða annarrar sérstöðu,
- HHÍ hvetji ekki til spilunar sem geti sett fjárhag spilara í uppnám eða spilt fjölskyldutengsl,
- um HHÍ muni ekki safna, geyma eða nota persónuupplýsingar viðskiptavina á þann hátt að gangi gegn hagsmunum þeirra eða lögum um meðferð persónuupplýsinga.

Siðareglur HHÍ eru endurskoðaðar með reglulegu millibili í tengslum við almenna endurskoðun á stefnu HHÍ í málefnum ábyrgar spilunar.


Stuðningur við rannsóknir á spilafíkn og meðferðarúrræði

HHÍ hefur um árabíl stutt með myndarlegum hætti við íslenskar rannsóknir á sviði spilavanda og spilafíknar. HHÍ hafði frumkvæði að slíkum rannsóknum við sálfræðideild HÍ og hefur stutt þær fjárhagslega frá 2002. Rannsóknir þessar hafa verið í umsjá dr. Daníels Þórs Ólasonar, lektors við sálfræðiskor HÍ. Einnig hefur Daníel Þór haft umsjón með þó nokkrum lokaritgerðum nemenda í sálfræði við HÍ um sama efni.

Rannsóknir Daníels Þórs eru faraldsfræðilegar; þær mæla algengi og umfang spilavanda meðal þjóðarinnar. Með rannsóknum sínum hefur dr. Daníel Þór skipað sér í raðir helstu fræðimanna á Norðurlöndunum á sviði spilavanda og spilafíknar og er hann iðulega lykilfyrirlesari á ráðstefnum um spilavanda í Evrópu. Má fullyrða að án aðkomu og frumkvæðis HHÍ væru rannsóknir á umfangi spilafíknar á Íslandi skammt á veg komnar.



UM 1500 MILLJÓNIR
voru greiddar út árið 2019
til 39.000 Íslendinga.



22 háskólabyggingar
hafa risið fyrir
happdrættisfé.



HHÍ hefur einnig um margra ára skeið stutt fjárhagslega við starfsemi SÁÁ. Framlagið er hugsað til stuðnings þeim einstaklingum sem leita til SÁÁ vegna spilafíknar.

Samstarf HHÍ og Íslandsspila

HHÍ hefur um nokkurra missera skeið verið í samstarfi við Íslandsspil um tiltekin verkefni á sviði ábyrgðar spilunar:

Ábyrgðspilun.is – Fyrirtækin halda sameiginlega úti vefsvæðinu www.abyrgspilun.is, þar sem finna má upplýsingar og fræðsluefni um ábyrgðar spilun og spilavanda. Einnig er þar að finna sjálfspróf og upplýsingar um hjálparlínu eða neyðarsíma sem rekinn er af Rauða Krossinum (1717).

Vörubrún - samstarf við birgja og mat á samfélagslegri áhættu

Peningaleikir eru misjafnlega áhættusamir með tilliti til spilavanda og veltur hættan á ýmsum þáttum í hönnun leikjanna (t.d. vinningslíkum og vinningshlutfalli), umhverfi og markaðssetningu. Þegar nýir leikir eru settir á markað, til dæmis nýir skafmiðar eða leikir í skjávélar Gullnámunnar, fer fram mat á samfélagsáhættu leikjanna. Til þess er notað sérstakt matslíkan sem tekur tillit til hugsanlegra áhættuþátta.

Mat á samfélagsáhættu getur leitt til þess að HHÍ grípi til sérstakra ráðstafana vegna markaðssetningar leiks eða jafnvel að hætt verði við aðmarkaðssetja viðkomandi leik.

Lán til viðskiptavina og aldurstakmörk

Lán til viðskiptavina eru óheimil og verði söluaðili eða umboðsmaður uppvis að lánastarfsemi á hann yfir höfði sér að missa viðskipti sín við HHÍ.

HHÍ hefur sett aldurstakmörk við þátttöku í leikjum sínum við 18 ár. Gildir þetta um allar leikjategundir happdrættisins; flokkahappdrætti, skjávélahappdrætti og skafmiðahappdrætti. Í lögum er ekki kveðið á um lágmarksaldur í þátttöku flokkahappdrættis eða skafmiðahappdrættis. HHÍ er eitt um að staðsetja skjávélar sínar einungis á stöðum þar sem aldurstakmark er 18 eða 20 ár.

Þess ber að geta að þær aðgerðir sem HHÍ hefur gripið til, til að stuðla að ábyrgari spilun, hafa ekki verið fyrir tilstuðlan eftirlitsaðila eða ráðuneyta heldur vegna vilja fyrirtækisins til að skila sínu hlutverki eins og best verður á kosið.

TÆKI

til rannsóknar- og vísindastarfs eru einnig fjámögnuð.

FJÁRFESTING

í menntun og rannsóknum er forsenda þróttmikils samfélags ...



Nýleg verkefni

Rannsóknir

HHÍ hefur undanfarin ár, ásamt Íslandsspilum stutt við rannsóknir Rannsókna & greiningar á högum unglinga og ungmenna. HHÍ styrkti rannsókn á högum grunnskóla- og framhaldsskólanema sem gerð var 2019. Spurt er um fjölmargt, en meðal annars um þátttöku í peningaspilum og netleikjum.

SNSUS ráðstefna

HHÍ hefur um árabíl stutt fjárhagslega við samráðsvettvang fræðimanna á Norðurlöndum á sviði spilavanda og spilafíknar, SNSUS (Stiftelsen Nordiska Sellskapet för Upplysning om Spelberoende). Þessi félagsskapur fræðimanna hittist annað hvert ár og ber saman bækur sínar. Síðasti fundur var haldinn í maí 2019 í Tampere í Finnlandi. Dr. Daníel Þór Ólafsson var þar, sem oft áður, fulltrúi Íslands. Næsta ráðstefna sem er fyrirhuguð vorið 2023 verður haldin í Reykjavík.

Staðall European Lotteries um ábyrga spilun

HHÍ er aðili að European Lotteries, Evrópusamtökum ríkishappdrættisfyrirtækja. Á vettvangi samtakanna hefur verið þróaður staðall um ábyrga spilahegðun. Staðallinn er í 11 liðum og tekur til fjölmargra þátta í rekstri happdrættisfyrirtækja, svo sem markaðsmála og vörubrúnar; mats á samfélagsáhættu leikja; fræðslu til spilara, starfsfólks og sölumanna; stuðnings við íslenskar rannsóknir á sviði spilafíknar; stuðnings við meðferðarúrræði og virkra samskipta við meðferðaraðila og aðra lykilhagsmunaaðila.

Árið 2020 fékk HHÍ vottun þess að fyrirtækið hefði innleitt staðal European Lotteries. Að kröfu European Lotteries var innleiðing staðalsins tekin út af óháðum aðila og var KPMG fengið til verksins.

Framtíðarsýn og næstu verkefni

Mikil vitundarvakning um spilahegðun og spilavanda hefur orðið undanfarin ár, sem hefur leitt til þeirrar jákvæðu þróunar að ábyrg spilun hefur jafnframt orðið mun fyrirferðarmeiri í starfsemi fyrirtækja á happdrættismarkaði. Það er stefna HHÍ að vera áfram leiðandi fyrirtæki á sviði ábyrgar spilunar. Í því skyni verða ráðstafanir og verkefni fyrirtækisins endurskoðuð árlega í takt við breytingar í leikjaframboði og þróun erlendis. Í því sambandi verður sérstaklega beint sjónum að staðli HHÍ, en hann er í stöðugri þróun, og einnig tekið mið af þeim leiðum sem norræn systurfyrirtæki okkar hafa farið, en þau eru í fararbroddi þegar kemur að lausnum og ráðstöfunum gagnvart ábyrgri spilun.

PANNIG VINNUM VIÐ ÖLL

... öflugs atvinnulífs
og velferðar.

